

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna stækkunar Straumsvíkurhafnar, aðkomuvegar, iðnaðarsvæðis I5 og efnistöku úr Rauðamelsnámu.

Skipulagsstofnun staðfesti 13. desember 2023 breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar 2013-2025 sem samþykkt var í bæjarstjórn 8. nóvember 2023.

Í breytingunni felst stækkun hafnarsvæðis H4 í Straumsvík um rúmlega 1 ha vegna landfyllingar fyrir nýjan aðkomuveg. Gert er ráð fyrir undirgöngum undir Reykjanesbraut og nýjum vegi til suðurs. Iðnaðarsvæði I5 er skipt upp í I5a norðan Reykjanesbrautar og I5b sunnan hennar. Einnig er skilgreint um 15,6 ha efnistökusvæði E4 í Rauðamelsnámu þar sem heimilt verður að vinna allt að 180.000 m³ af efni.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 13. desember 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 29. desember 2023